

Kennsluáætlun skólaárið 2021 - 2022

Íslenska í 10. bekk

Í íslensku eru 5 kennslustundir á viku í 10. bekk. Kennari er Guðfinna Kristjánsdóttir.

Vinnulag

Nemendur fá áætlanir og bera ábyrgð því að fylgja þeim eftir, sérstaklega ef þeir eru fjarverandi einhverra hluta vegna. Minna skal á að foreldrar eru ábyrgir fyrir námi sem nemendur kunna að missa af vegna leyfa.

Meginviðfangsefni vetrarins eru: Kennslubók í málvísi og ljóðlist, Hrafnkelssaga Freysgoða, Smátímasögur og verkefnablöð frá kennara eftir því sem þurfa þykir. Lestraráttak, ritunaræfingar, stafsetning, framsögn og hlustun. Uppúr áramótum verður farið í heimildaritgerð.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Talað mál og hlustun Hlustað á lestur kennara og annarra nemenda	Ýmis verkefni frá kennara	Nemandi getur ... - tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar - tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær - hlustað á upplestur annarra og sýnt lesanda viðeigandi virðingu - sýnt fram á að hafa meðtekið umrætt efni - nýtt sér fjölmiðla s.s. útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt	Nemendur kynna verkefni sem þau hafa unnið að.
Lestur og bókmenntir Heimildaritgerð Íslendingasögur Skáldsögur Valin ljóð	Hrafnkelssaga Freysgoða Smátímasögur Kveikjur Skáldsögur Valbækur fyrir yndislestur	Nemandi getur ... - skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi - lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi - getur myndað sér skoðun á því sem hann les og fært rök fyrir henni - greint grunnhugtök í ljóðagerð s.s. rím, hrynjanda, ljóðstafi og boðskap - lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta - beitt nokkrum grunnhugtökum bókmenntafræða s.s. flétta, sögusvið, myndmál, algengustu tákn og stílbrögð - leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, s.s. fjölmiðla- og	Verkefni úr Hrafnkelssögu Freysgoða Ýmis verkefni unnin úr skáldsögum Ýmis verkefni unnin úr ljóðum og bókmenntum Lestrar/lesskilningspróf Bókmenntapróf

		margmiðlunarefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess skilið og sagt frá helstu atburðum í Íslendinga-sögum og öðrum sögum	
Ritun Áhersla á inngang/upphaf texta, skipting í efnisgreinar og tengsl milli efnisgreina, málfar, málsnið, flæði í texta og frágang. Útdrættir og endursagnir Skapandi skrif Heimildaritgerð	Heimir, handbók um heimildaritun Efni	Nemandi getur ... - valið textategund, skipulagt og orðað texta, s.s. sögur, frásagnir og lýsingar á þann hátt sem hæfir tilefni - skrifað læsilegan texta sem skiptist í inngang, meginmál og lokaorð, með greinaskilum á viðeigandi stöðum - skrifað hæfilega langar og rétt uppbyggðar setningar og málsgreinar - nýtt sér hjálpargögn s.s. orðabækur, málfræðirit og leiðréttingarforrit - beitt ritvinnslu af öryggi, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá samkv. reglum - beitt reglum um rétttritun og hefur náð góðu valdi á stafsetningu	Heimildaritgerð Verkefni úr Hrafnkelssögu Freysgoða Spuni
Málfræði Farið yfir helstu málfræðiflokka íslenskunnar, einkenni þeirra, reglur og notkun	Kennslubók í málvísi og ljóðlist Ýmis málfræðiverkefni frá kennara Málfinnur	Nemandi getur ... - gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann - notað algeng orðtök, málshætti og orðasambönd - áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra - fundið nafnorð í texta, útskýrt einkenni þeirra og fallbeygt þau - fundið greini í texta og áttað sig á hvort um sé að ræða viðskeyttan eða lausan greini.	Málfræðikannanir Ýmis verkefni frá kennara

		• fundið lýsingarorð í texta, útskýrt einkenni þeirra, áttað sig á stöðu þeirra og fallbeygt þau • fundið fornöfn í texta, nefnt fornafnaflokkana, orðin sem tilheyra hverjum flokki, útskýrt einkenni hvers flokks, áttað sig á stöðu þeirra og fallbeygt þau • fundið töluorð í texta, útskýrt einkenni, áttað sig á stöðu þeirra og fallbeygt þau • fundið sagnorð í texta, útskýrt einkenni þeirra: persónu, tölu, tíð og beygingu og beygt sagnir í kennimyndir	
Stafsetning Allar almennar stafsetningarreglur í samræmdri íslenskri stafsetningu	Stafsetning (bók) Réttritun Skrifinnur Verkefni Upplestur	Nemandi getur ... • beitt helstu stafsetningarreglum og náð valdi á þeim. • Komið frá sér læsilegum texta	Stafsetningarkannanir

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**.

Með ósk um gott gengi,

Guðfinna Kristjánsdóttir